Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Hafnarfjarðarbær
Innk: 20/12 2016
Málsnr: 1601208
Bréfal: 460

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 16. desember 2016
UST201609-086/Þ.V.B.
09.04.05

Efni: Leiðarendi

Umhverfisstofnun barst erindi frá Umhverfis- og framkvæmdarráði Hafnarfjarðarbæjar dags. 7. september 2016 þar sem því var beint til Umhverfisstofnunar að loka Leiðarenda tímabundið skv. 25. gr. laga um náttúruvernd, þar til fyrir liggi áætlun sem tryggir verndun hellisins og viðunandi þjónustu fyrir þann mikla fjölda gesta sem heimsækir hann.

Umhverfisstofnun hefur óskað eftir umsögnum frá ýmsum aðilum til að mynda Náttúrufræðistofnun, Hellarannsóknarfélaginu, sambandi Náttúrustofa, stjórn Reykjanesfólkvangs, ýmsum ferðamálasamtökum og ferðaþjónustuaðilum er nýta hellinn. Voru þessum aðilum kynnt áform um lokun hellisins í samræmi við 25 gr. laga nr. 60/2013 í allt að eitt ár eða þar til nauðsynlegum úrbótum sé lokið á svæðinu. Frestur til að skila inn umsögnum var til og með 12. desember og bárust 8 umsagnir.

Skiptar skoðanir voru hjá umsagnaraðilum um hvort loka ætti hellinum. Er hluti umsagnaraðila með efasemdir um gagnsemi lokunar hellisins og telja að lokunin muni auka álag á aðra hella í nágrenninu sem eru minna raskaðir. Þá verður að teljast ólíklegt að þær skemmdir sem orðið hafa á Leiðarenda í gegnum tíðina gangi til baka þó hellinum sé lokað.

Umhverfisstofnun vill með bréfi þessu kalla eftir því frá Hafnafjarðarbæ hvort fyrir liggi nú þegar áætlun um framkvæmdir í Leiðarenda sem fara eigi í ef hellinum verði lokað og hvort þær upplýsingar sem fram komi í innkomnum umsögnum breyti á einhvern hátt afstöðu Hafnarfjarðarbæjar til beiðni þeirra um lokun Leiðarenda.

Virðingarfyllst

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir